

Sandfok á Hringveginum

Björn H. Barkarson¹, Sigríður Dr Jónsdóttir¹, Fanney Ólív Gísladóttir², Svanur G. Bjarnason³ og Magnús Björnsson³.

¹ VSÓ Ráðgjöf, ² Landbúnaðarháskóli Íslands, ³ Vegagerðin.

Ágrip

Árið 2008 var safnað saman upplýsingum um hvar sandfok getur haft og þá með hvaða hætti það hefur áhrif á umferðaröryggi á Hringveginum. Markmið verkefnisins var að safna saman þessum upplýsingum og þróa aðferðafræði við upplýsingaöflun og flokkun upplýsinga um sandfok m.t.t. áhrifa á umferðaröryggi.

Áhrif sandfoks á umferðaröryggi geta einkum falist í því að það getur takmarkað vegsýn vegfarenda, sandur getur safnast á vegi og þannig breytt akstursaðstæðum og síðast en ekki síst getur sandfok valdið skemmdum á ökutækjum. Slíkar skemmdir eru ekki bættar af tryggingafélögum og því mikilvægt að ökumenn séu meðvitaðir um hvar sandfok getur skapað hættu.

Upplýsingar um sandfok, tíðni þess og afmörkun sandfokssvæða fengust hjá staðkunnugum mönnum, starfsmönnum Vegagerðarinnar og vegaeftirlitsmönnum. Svæðin voru afmörkuð á loftmyndum, tilgreint eðli foks, gerð fokefna, tíðni sandfoks og helstu fokáttir.

Þessar upplýsingar voru flokkaðar með eftirfarandi hætti:

- Tíðni sandfoks (tilvik/ári)
 - <10
 - 10-20
 - >20
- Eðli foks
 - Renningur: Sandur fýkur yfir veginn, oft í ekki mjög hvössum vindi
 - Hviðufok: Sandur, oft grófkorna, fýkur yfir veginn í hvössum vindi, oft hviðum
- Fokefni:
 - <0,05 mm, þyrlast oft hátt á loft
 - 0,05-1 mm, hreyfist með skrið og skopphreyfingum
 - >1 mm, grófur sandur, fýkur í hvössum vindi

Þeir kaflar á Hringveginum þar sem sandfok getur átt sér stað voru flokkuð m.t.t. þess hversu alvarleg áhrif sandfokið getur haft á umferðaröryggi þ.e. skyggni, hættu á skemmdum á ökutækjum og myndun sandskafla á vegi. Foksvæðin eru því misalvarleg m.t.t. umferðaröryggis. Á sumum svæðum getur verið mikil hætta á að skyggni skerðist verulega, mikil hætta á skemmdum og miklar líkur á að sandur safnist á veginn. Annarsstaðar eru litlar líkur á að sandfok hafi neikvæð áhrif á umferðaröryggi.

Alls er 21 skilgreindur kafli á Hringveginum þar sem sandur fýkur inn á veginn. Sandfok er einkum bundið við gróðurlítill svæði á öræfum landsins s.s. Möðrudals- og Mývatnsöræfum, svæði þar sem Hringvegurinn liggur með eða á sandsvæðum nærri ströndinni og við brýr yfir jökulár. Alls ná afmörkuð sandfokssvæði til tæplega 50 km af Hringveginum.

Til að stemma stigu við sandfoki er lagt til að hugað sé að þessum þætti við val á nýjum vegstæðum. Einnig getur veggönnun haft áhrif á m.a. sandsöfnun á vegi t.a.m. hönnun fláa. Sömuleiðis getur hönnun brúa og varnargarða með ám haft áhrif á uppsöfnun fokefnis, sem síðan fýkur á veginn. Uppgræðsla er stunduð víða með vegum og heftir sandfok. Upplýsingar og fræðsla til vegfarenda um sandfok og áhrif þess er einnig mikilvægur þáttur til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif sandfoks á umferðaröryggi.